



Borgarráð

Lagt er til að eftirfarandi fjárhagsrammar verði samþykktir fyrir svið borgarinnar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026:

Aðalsjóður	Upprunaleg áætlun 2025	Viðbætur	Rammi 2026
Fjármála og áhættustýringarsvið (FAS)	1.252.386	79.830	1.332.215
Menningar- og íþróttasvið (MÍR)	20.723.792	453.299	21.177.090
Mannauðs- og starfsþróunarsvið (MOS)	875.040	55.098	930.138
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu (RHS)	2.401.874	115.497	2.517.371
Skóla- og frístundasvið án líkana (SFS)	21.191.863	1.549.136	22.740.999
Skóla- og frístundasvið líkön (SFS)	61.457.754	4.197.785	65.655.539
Umhverfis- og skipulagssvið (USK)	12.397.774	214.399	12.612.173
Velferðarsvið án bundinna liða (VEL)	41.477.314	2.124.218	43.601.533
Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON)	4.451.078	163.868	4.614.945
Rammaúthlutun 2026	166.228.874	8.953.130	175.182.004

Eignasjóður nettó fyrir afskriftir og fjárm. liði	Upprunaleg áætlun 2025	Viðbætur	Rammi 2026
Eignaskrifstofa (ESR)	-31.059.044	57.748	-31.001.295
Umhverfis- og skipulagssvið ES (USKES)	3.920.496	500.746	4.421.242
Verkefnastofa þróunarmála (VST)	-2.641.182	-985.163	-3.626.344
Rammaúthlutun 2026	-29.779.729	-426.669	-30.206.398

Tafla 1: Fjárhagsrammar fagsviða Aðalsjóðs og Eignasjóðs

Jafnframt er lagt til að borgarráð feli sviðum og miðlægum skrifstofum að hefja vinnu við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu fimm ára.

Við útfærslu sviða og skrifstofa á tillögu að fjárhagsáætlun til borgarráðs verði tekið mið af samstarfsyfirlýsingu meirihluta borgarstjórnar frá 21. febrúar 2025 um lífsgæði í Reykjavík og aðgerðaáætlun á grundvelli hennar frá 4. mars 2025. Sérstök áhersla er lögð á forgangsroðun fjármuna í grunnþjónustu í allri útfærslu sviða og skrifstofa til rekstrar.

Greinargerð

Óvissa um horfur í ytra efnahagsumhverfi setur mark sitt á undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir komandi ár. Alþjóðleg óvissa í viðskiptum, tollamál, stríðsátök og hrávöruverð eru þar

mikilvægar breytur en verðbólguþrýstingur og vaxtastig eru í ríkum mæli háð aðstæðum erlendis og þróun á mörkuðum.

Rekstrarumhverfi Reykjavíkurborgar hefur á undanförunum árum einkennst af þenslu á vinnumarkaði, þrálátri verðbólgu og háum vöxtum. Verðbólga hefur hjaðnað eftir mikinn verðþrýsting síðustu ára. Árið 2024 mældist meðalárshækkun vísitölu neysluverðs 5,9% en í febrúar 2025 var árshækkunin komin niður í 4,2%. Gert er ráð fyrir að verðbólga lækki í 3,5% að meðaltali á árinu 2025 og fari nær verðbólguþrýstingnum 2026 eða 2,7%. Seðlabanki Íslands hóf lækkingu stýrivaxta í lok síðasta árs. Hófstílltir kjarasamningar til fjögurra ára á almenna vinnumarkaðnum hafa stuðlað að meiri fyrirsjáanleika í launaþróun. Sama á við um kjarasamninga við kennara í leik- og grunnskólum sem hafa fengið verulegar leiðréttingar á sínum kjörum og dregið úr spennu á vinnumarkaði. Að öllu samanlögðu eru horfur jákvæðar en þróun næstu missera ræðst að mestu af því hversu vel gengur að ná niður verðbólgu og vöxtum án þess að kæla hagkerfið um of. Þrátt fyrir nokkra óvissu er gert ráð fyrir hægfare en stöðugum hagvexti, batnandi verðbólguþrýstingnum og tiltölulega stöðugum vinnumarkaði.

Helstu áskoranir í rekstri Reykjavíkurborgar eru ennþá vegna verkefna sem flutt hafa verið frá ríki til sveitarfélaga án þess að fullnægjandi fjármögnun fylgi. Þrátt fyrir að náðst hafi áfangar í fjármögnun á málaflokki fatlaðs fólks sýna greiningar að enn vantar upp á fulla fjármögnun málaflokksins. Þrátt fyrir viðbótarfjármagn inn í málaflokkinn var umtalsverður halli af málaflokknum á síðasta ári hjá Reykjavíkurborg sem má að hluta rekja til verkefna sem eru á ábyrgð ríkisins og ljúka þarf samningum um.

Í fjármálastefnu Reykjavíkurborgar 2023-2027 að finna framtíðarsýn um að fjármálastjórn Reykjavíkurborgar miði að sjálfbærni til lengri tíma lítið. Í því felst að rekstur skili afgangi og borgarsjóður standi undir skuldum og skuldbindingum á hverjum tíma án þess að gengið sé á eignir eða þjónustu í samræmi við lögbundnar skyldur.

Reykjavíkurborg leggur fram útfærslu rammaúthlutunar fyrir árið 2026 á þessum grunni. Minnt er á að útfærsla fjárhagsáætlunar er eitt helsta stjórnþæki borgarstjórnar til að koma áherslum sínum og stefnumörkun í framkvæmd. Það er í anda þess sem stjórnendum fag- og kjarnasviða er falið að leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi atriði við undirbúning frumvarps að fjárhagsáætlun:

- Leiðarljós við undirbúning fjárhagsáætlunar verði grænar áherslur, sjálfbær rekstur og fyrirbyggjandi aðgerðir til að lágmarka fjárhagslegar áhættur í rekstri borgarinnar til samræmis við fjármálastefnu Reykjavíkurborgar.
- Forgangsroðun fjárheimilda innan ramma fari fram með þátttöku fagraða með áherslu á að forgagnsraða fyrst lögbundnum skyldum með hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi.
- Að unnið verði að leiðréttingu á fjármögnun verkefna sem flust hafa frá ríkinu. Að uppbygging á þjónustu við fatlað fólk verði markviss og í samræmi skyldur skv. lögum nr. 38/2018 þó þannig að það ógni ekki sjálfbærni í rekstri borgarinnar. Halli af rekstri málaflokksins ógnar að óbreyttu getu borgarinnar til að standa við skuldbindingar laganna um frekari uppbyggingu á þjónustu við fatlað fólk. Í ljósi þess er megináhersla Reykjavíkurborgar að skýra kostnaðar- og ábyrgðaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga um þjónustuna og tryggja með samningum fulla fjármögnun á rekstri málaflokks fatlaðs fólks, í samvinnu við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samband íslenskra sveitarfélaga.

- Að ná lækkun launaútgjalda í hlutfalli af tekjum. Því verði náð með aðhaldi í ráðningum, sameiningu starfa, virkri forgangsröðun verkefna ásamt frestun, breytingum eða niðurlagningu á þjónustu. Vegna grunnþjónustu verði ávallt miðað við áætlaða mannaflapörf og samþykktar fjárheimildir starfsstaðar. Áhersla er lögð á að ráðningareglum Reykjavíkurborgar sé fylgt í hvívetna.
- Að ná fram hagræðingu í rekstri með áherslu á að leita hagkvæmustu leiða til útfærslu á þjónustu og rekstri í allri þjónustu borgarinnar og skipulagi um framkvæmd hennar. Á það jafnt við um lögbundna og lögheimila þjónustu.
- Að ná fram samræmingu í innkaupum og hagkvæmustu lausnum í rekstri þar sem fagleg ábyrgð rekstrar og þjónustu verði endurskoðuð eftir atvikum.
- Að nýta stafræna umbreytingu til aukinnar skilvirkni og hagræðingar í rekstri.
- Að áherslur borgarinnar í húsnæðisuppbyggingu nái fram að ganga. Forgangsröðun fjárfestinga miði að þéttingu byggðar og uppbyggingu hverfa með sérstakri áherslu á þróunarása Borgarlínu. Kraftmikil uppbygging tryggi nauðsynlegt framboð íbúða og húsnæðis sem laðar að fleiri íbúa og eflir tekjustofna.
- Að tryggja að viðhaldsáætlun til næstu ára vegna mannvirkja borgarinnar, einkum skóla og leikskóla, nái fram að ganga.
- Að uppbygging á nýjum skólum og leikskólum verði í forgangi til að tryggja framgang stefnu borgarstjórnar um þróun borgarinnar.
- Að hönnun og bygging mannvirkja taki mið af grænum áherslum og eins hagkvæmri nýtingu fjármuna og kostur er án þess að gengið verði á þjónustumarkmið málaflokka.

Rammaúthlutun ársins 2026 tekur mið af verklagi sem tekur mið af fjármálastefnu Reykjavíkurborgar, gildandi fimm ára áætlunar og fjárhagslegu svigrúmi borgarsjóðs við úthlutun fjárhagsramma. Gert ráð fyrir heildrænni skiptingu fjármuna milli sviða og miðlægra skrifstofa borgarinnar að teknu tilliti til kjarabóta, , verðbóta, samþykktra úthlutunarlíkana og helstu áskorana í rekstri.

Við undirbúning rammaúthlutunar liggur fyrir að öðru óbreyttu að útgjaldasvigrúm borgarsjóðs fyrir ný verkefni er neikvætt sem nemur 2,4 ma.kr. að teknu tilliti til gildandi fimm ára áætlunar. Á sama tíma hafa svið og miðlægar skrifstofur borgarinnar lagt mat á þrjár helstu áskoranir í rekstri og nema þær alls 8,2 ma.kr. Þetta felur í sér að svið og miðlægar skrifstofur borgarinnar þurfa að leita inná við til að finna rými fyrir ný verkefni þ.e. leita leiða til endurskipulagningar og forgangsraða núverandi verkefnum. Niðurstöður liggi fyrir við kynningu sviða á forgangsröðun innan ramma 26. ágúst.

Ekki gert ráð fyrir fjármagni miðlægt vegna ófyrirséðra verkefna nema að litlu leyti. Svið og miðlægar skrifstofur skulu stilla upp fjárhagsáætlun ársins 2026 á þann hátt að hægt sé að fjármagna önnur ófyrirséð verkefni innan úr ramma.

Forsendur rammaúthlutunar vegna ársins 2026 eru að öðru leyti eftirfarandi:

1. Gjaldskrár:

- 1.1. Árið 2026 er lagt til að gjaldskrár hækki um 3,5% sem tekur mið af forsendum um verðlags- og launaþróun fjárhagsáætlunar. Gjaldskrár á umhverfis- og skipulagssviði endurspegli raunkostnað í samræmi við lög.

- 1.2. Innri leiga hækkir um 2,64% á milli ára í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar. Tekið verði tillit til raunþróunar verðlags árið 2025 á móti gildandi áætlun ársins. Gert er ráð fyrir að innri leiga leiði til endurskoðunar á fjárheimildum þegar hún liggur fyrir.
 - 1.3. Gjaldskrár þjónustu- og nýsköpunarsviðs taki sömu breytingum og meginlínur rammaúthlutunar gera ráð fyrir, þ.e. taki mið af viðbótum í ramma sviðsins vegna launahækkana og verðbóta.
2. Útgjöld:
- 2.1. Launakostnaður: Gert er ráð fyrir að launahækkarnir vegna kjarasamningshækkana leiði til endurskoðunar á fjárheimildum. Kjarabótum vegna kjarasamninga sem þegar hafa verið samþykktir verður úthlutað til sviða en að öðru leyti verður kjarabótum úthlutað þegar niðurstöður ógerðra kjarasamninga liggja fyrir.
 - 2.2. Verðbætur á annan rekstrarkostnað: Gert er ráð fyrir að verðbótum í samræmi við fjárhagslegt svigrúm borgarsjóðs.
 - 2.3. Innri leiga: Gert er ráð fyrir að aukning á innri leigu, 2,64%, komi í ramma. Fjármála- og áhættustýringarsviði er falið að taka saman upplýsingar um breytingar á innri leigu vegna ársins 2026. Gert er ráð fyrir að verðlags- og magnáhrif vegna leigu samgöngumannvirkja verði bætt með sama hætti.
 - 2.4. Grunnskólar borgarinnar fá úthlutað fjármagni með hliðsjón af forsendum nýs reiknilíkans. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði endurskoðaðar þegar niðurstaða úthlutunarlíkansins liggur fyrir.
 - 2.5. Leikskólar borgarinnar fá úthlutað fjármagni með hliðsjón af forsendum nýs reiknilíkans. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði endurskoðaðar þegar niðurstaða úthlutunarlíkansins liggur fyrir.
 - 2.6. Við rammaúthlutun er ekki ráðstafað til velferðarsviðs vegna bundinna liða, fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings en gert verður ráð fyrir fjármagni vegna þessara liða við framlagningu frumvarps.

Næstu skref við undirbúning fjárhagsáætlunar 2026 felast í því að svið og fagrað forgangsraða verkefnum næsta árs innan úthlutaðra fjárheimilda og kynni fyrir borgarstjóra og fjármálahópi 26. ágúst n.k.

Skilafrestur sviða á drögum að fjárhagsáætlun ársins 2026 er 20. september nk. Gert er ráð fyrir að frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar vegna ársins 2026 og fimm ára áætlun vegna áranna 2026-2030 verði lagt fram í borgarstjórn þriðjudaginn 4. nóvember nk. og afgreitt úr borgarstjórn eftir síðari umræðu þriðjudaginn 2. desember 2025.

Heiða Björg Hilmisdóttir

borgarstjóri